

Fiskeldi Eyjafjarðar hf.

**Ársreikningur
samstæðunnar
2005**

Fiskeldi Eyjafjarðar hf.
Hjalteyri
601 Akureyri

Kt. 690787-1139

Efnisyfirlit

	bls.		bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3	Efnahagsreikningur	6
Áritun endurskoðenda	4	Sjóðstreymisyfirlit	7
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið er fjárfestinga- og eignarhaldsfélag um félög og fyrirtæki sem stunda fiskeldi og tengda starfsemi. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Ársreikningar samstæðunnar undanfarin ár hafa verið gerðir í samræmi við lög um ársreikninga og íslenskar reikningsskilavenjur. Heildaráhrifin af upptöku staðlanna á eigið fé samstæðunnar eru þau að bókfært eigið fé í ársbyrjun 2005 hækkar um 10,6 millj. kr. eða úr 270,3 millj. kr. í 280,9 millj. kr. Í reikningnum er gerð nánari grein fyrir þeim áhrifum sem upptaka staðlanna hefur í för með sér á reikningsskil samstæðunnar. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Fiskeldis Eyjafjarðar hf. og dótturfélags þess, Fiskeyjar ehf.

Tap af rekstri samstæðunnar á árinu 2005 nam 209,1 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Heildareignir samkvæmt efnahagsreikningi námu 399,9 millj. kr. og nam eigið fé samstæðunnar í árslok 204,9 millj. kr.

Á árinu var hlutfé fært niður um 675,9 millj. kr. og í framhaldinu var hlutfé aukið um 131,6 millj. kr. Hlutfé félagsins nam í árslok 300,6 millj. kr. og skiptist það á 157 hluthafa en þeir voru 150 í ársbyrjun. Í árslok áttu þrír hluthafar yfir 10% eignarhlut í félaginu en þeir voru Hafrannsóknastofnun sem átti 27,4%, Samherji hf. sem átti 19,4% og Brim hf. sem átti 18,5%.

Stjórn félagsins hefur óskað eftir því að félagið verði afskráð af Tilboðsmarkaði Kauphallar Íslands. Kauphöll Íslands hefur samþykkt framkomna beiðni um afskráningu og verða bréfin afskráð eftir lokun viðskipta föstudaginn 30. júní 2006.

Stjórn félagsins tók ákvörðun á árinu um að hætta matfiskeldi í eldisstöð félagsins í Þorlákshöfn. Gert er ráð fyrir því að búið verði að slátra öllum fiski úr stöðinni í apríl 2006.

Samkvæmt ákvæðum 99. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög er ekki heimilt að úthluta arði til hluthafa á árinu 2006 vegna rekstrar ársins 2005. Vísað er til ársreikningsins varðandi jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Fiskeldis Eyjafjarðar hf. staðfesta hér með ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. mars 2006

Stjórn:

Kristján Ragnarsson
Þorsteinn Vilhelmsson
Gunnar Karl Guðmundsson
Jón Kjartan Jónsson
Óttar Már Ingvason

Framkvæmdastjóri:

Arnar Jónsson

Áritun endurskoðenda

Stjórn og hluthafar Fiskeldis Eyjafjarðar hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Fiskeldis Eyjafjarðar hf. fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning móðurfélagsins og dóttufélags þess og greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningur samstæðunnar gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2005, efnahag þess 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 30. mars 2006

Arnar Árnason

KPMG Endurskoðun Akureyri hf.

Rekstrarreikningur ársins 2005

	Skýr.	2005	2004
Sölutekjur		120.415.955	181.798.786
Kostnaðarverð sölu		<u>(236.927.828)</u>	<u>(213.930.478)</u>
Vergt tap		(116.511.873)	(32.131.692)
Aðrar tekjur	2	498.045	2.994.789
Útflutningskostnaður		(14.867.233)	(21.978.502)
Sameiginlegur kostnaður		<u>(40.697.167)</u>	<u>(31.880.718)</u>
Rekstrartap		(171.578.228)	(82.996.123)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	6	(4.214.350)	(9.970.823)
Áhrif hlutdeildarfélags	11-12	<u>(33.339.022)</u>	<u>(66.823.323)</u>
Tap ársins		<u>(209.131.600)</u>	<u>(159.790.269)</u>

Tap á hlut:

Tap á hverja krónu hlutfjár	7	(0,70)	(0,19)
Pynnt tap á hverja krónu hlutfjár	7	(0,69)	(0,18)

Efnahagsreikningur 31. desember 2005

	Skýr.	2005	2004
Eignir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8-10	253.644.729	270.524.037
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	11	5.124.996	19.822.254
Aðrar fjárfestingar	12-13	14.950.517	20.634.731
Lífrænar eignir	i	0	47.350.305
Fastafjármunir		<u>273.720.242</u>	<u>358.331.327</u>
Birgðir	h	4.600.000	5.000.000
Lífrænar eignir	i	63.089.217	71.504.398
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	14	39.121.743	42.803.295
Hlutfjárloforð		15.000.000	0
Handbært fé	j	4.402.974	2.871.179
Veltufjármunir		<u>126.213.934</u>	<u>122.178.872</u>
Eignir samtals		<u>399.934.176</u>	<u>480.510.199</u>
Eigið fé:			
Hlutfé	15	300.563.728	844.967.537
Pýðingarmunur vegna erlendrar starfsemi	17	(3.241.307)	(4.808.806)
Ójafnað eigið fé		(92.390.718)	(559.210.102)
Eigið fé	15-17	<u>204.931.703</u>	<u>280.948.629</u>
Skuldir:			
Vaxtaberandi lán	19	157.327.994	125.356.884
Langtímaskuldir		<u>157.327.994</u>	<u>125.356.884</u>
Vaxtaberandi lán	21	1.802.278	32.375.789
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	22	35.872.201	41.828.897
Skammtímaskuldir		<u>37.674.479</u>	<u>74.204.686</u>
Skuldir samtals		<u>195.002.473</u>	<u>199.561.570</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>399.934.176</u>	<u>480.510.199</u>

Skýringar

Helstu reikningsskilaaðferðir

Fiskeldi Eyjafjarðar hf. er með lögheimili á Hjalteyri í Arnarneshreppi. Ársreikningur samstæðunnar fyrir árið 2005 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélags þess, sem vísað er til sem samstæðunnar, og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélagi. Stjórn félagsins heimilaði birtingu ársreikningsins 30. mars 2006.

a) Yfirlýsing um samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), sem settir hafa verið af Alþjóða reikningsskilaráðinu (IASB) og samþykktir hafa verið af Evrópusambandinu. Þetta er fyrsti ársreikningur samstæðunnar samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Yfirlýsingin er í samræmi við IFRS-staðal 1, sem fjallar um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Upplýsingar um áhrif innleiðingar alþjóðlegra reikningsskilastaðlanna á fjárhagsstöðu samstæðunnar og afkomu er að finna í skýringu 27. Í skýringunni eru sýndar breytingar á samanburðarfjárhæðum eigin fjár og afkomu samstæðunnar eins og þær voru birtar samkvæmt íslenskum reikningsskilaaðferðum fyrir árið 2004 og eins og þær birtast samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

b) Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði.

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu aðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Þetta mat og ályktanir tengdar þeim er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Raunverulegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Gerð ársreiknings samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 1 leiddi til breytinga á reikningsskilaaðferðum sem notaðar voru við gerð samstæðureiknings félagsins árið 2004, en hann var gerður eftir íslenskum reikningsskilareglum. Þeim reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt á samræmdan hátt fyrir það tímabil sem þessi ársreikningur nær til og ennfremur við gerð opnunarefnahagsreiknings samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum þann 1. janúar 2004 að því er varðar yfirlýsingu í alþjóðlega reikningsskilastaðla.

c) Grundvöllur samstæðu

i) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirlýsingu. Yfirlýsingin er til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirlýsingu er tekið tillit til hugsanlegs atkvæðisréttar sem er nýtanlegur eða breytanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum félagsins frá því að yfirlýsingin hefst og þar til þeim lýkur.

ii) Hlutdeildarfélag

Hlutdeildarfélag er þau félög þar sem félagið hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en hefur ekki yfirlýsingu. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga, frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema samstæðan hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

Skýringar, frh.:

iii) Viðskipti færð út úr samstæðureikningnum

Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli félaganna eru felld út í samstæðureikningnum. Óinnleystur hagnaður sem myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélag er felldur út í samræmi við eignarhlut samstæðunnar í hlutdeildarfélaginu. Óinnleystur hagnaður sem myndast hefur í viðskiptum við hlutdeildarfélag er færður til lækkunar á bókkærðu verði þeirra. Óinnleyst tap er felld út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar eignarinnar.

d) Erlendir gjaldmiðlar

- i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.
- ii) Eignir og skuldir erlendra starfsemi samstæðunnar eru umreiknaðar miðað við gengi á uppgjörstegi. Tekjur og gjöld eru umreiknuð miðað við meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið meðal eigin fjár í efnahagsreikningi.

e) Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum sem hafa mismunandi nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og færðar miðað við mismunandi nýtingartíma.

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hluta varanlegra rekstrarfjármuna er eignfærður sem varanlegur rekstrarfjármunur þegar sá kostnaður fellur til, ef líklegt er að framtíðarhagnaður sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	33 ár
Vélar, áhöld og tæki	3-9 ár
Bifreiðar og farartæki	7 ár

Niðurlagsverð er endurmetið árlega nema það sé talið óverulegt.

f) Aðrar fjárfestingar

Langtímakröfur, flokkaðar sem fjáreignir til gjalddaga, eru færðar til eignar með því að afvaxta framtíðarsjóðstreymi með markaðsvöxtum.

g) Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun.

Næsta árs afborganir af langtímakröfum eru færðar með kröfum meðal veltufjármuna í efnahagsreikningi.

Skýringar, frh.:

h) Birgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á síðasta innkaupsverði.

i) Lífrænar eignir

Lífrænar eignir eru færðar á gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði. Hagnaður eða tap vegna breytinga á gangvirði er fært í rekstrarreikninginn. Hið áætlaða gangverð er byggt á markaðsverði eldisfisks, áætluðum gæðum, vaxtarstuðli og dánartíðni að teknu tilliti til áætlaðs slátur- og umbúðakostnaðar. Sölukostnaður felur í sér allan kostnað sem nauðsynlegur er til að selja eignirnar, að frádregnum kostnaði til að koma eignunum á markað. Eldisfiskur og seiði, sem ekki er áætlað að selja innan tólf mánaða, eru færð undir liðinn lífrænar eignir meðal fastafjármuna í efnahagsreikningi en eldisfiskur og seiði, sem áætlað er að selja á næstu tólf mánuðum, eru færð meðal veltufjármuna. Áhætta í mati á lífmassa er eðlislæg í fiskeldi.

j) Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar bankainnstæður.

k) Virðisrýrnun

Bókfært verð eigna samstæðunnar er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Ef eitthvað bendir til þess er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð. Virðisrýrnunarprófanir eru gerðar að minnsta kosti árlega á óefnislegum eignum sem eru taldar hafa óendanlegan nýtingartíma.

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar er umfram endurheimtanlega fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning.

Virðisrýrnunarpróf var gert á bókfærðu verði óefnislegra eigna 1. janúar 2004, 1. janúar 2005 og í árslok 2005.

i) Útreikningur á endurheimtanlegri fjárhæð

Endurheimtanleg fjárhæð fjárfestinga félagsins í langtímakröfum er reiknuð sem núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis afvaxtað með upphaflegum virkum vöxtum. Skammtímakröfur eru ekki afvaxtaðar.

Endurheimtanleg fjárhæð annarra eigna er söluverð þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið út frá væntu framtíðarfjárflæði sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir einstökum eignum.

ii) Bakfærsla virðisrýrnunar

Virðisrýrnun af langtímakröfum er bakfærð ef hægt er að tengja hækkun á endurheimtanlegri fjárhæð á hlutlægan hátt við atburð sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var færð.

Virðisrýrnun annarra eigna er bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð.

Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki sem nemur áður færðri virðisrýrnun að teknu tilliti til afskrifta.

l) Hlutafé

Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð sem breyting á eigin fé. Kaup á eigin bréfum eru færð sem eigin hlutir og færðir til lækkunar á heildar eigin fé.

Skýringar, frh.:

m) Vaxtaberandi lántökur

Vaxtaberandi lántökur eru upphaflega færðar á gangvirði að frádrögnum tilheyrandi kostnaði vegna þeirra. Eftir upphaflega færslu eru vaxtaberandi lán færð miðað við virka vexti.

n) Hlunnindi starfsmanna

Kaupréttaráætlun, sem gerð var á árinu 2003, heimilar starfsmönnum samstæðunnar að kaupa hlutabréf í félaginu. Engar færslur hafa verið gerðar í ársreikning samstæðunnar þar sem samstæðan hafði ekki birt gangvirði kaupréttarsamninganna fyrir upptöku IFRS 2, Eignarhlutatengd greiðsla, í samræmi við IFRS 1, Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Heildarkaupréttur starfsmanna samstæðunnar nemur 4,6 millj. kr. að nafnverði til ársins 2009. Kaupréttur vegna hlutabréfanna ávinnst hlutfallslega á árunum 2004 til 2009. Hlutafé félagsins verður aukið þegar starfsmenn nýta rétt sinn. Enginn starfsmaður hefur nýtt kauprétt sinn.

o) Ábyrgðaskuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar samstæðunni ber lagaleg eða ætluð skylda vegna fyrri atburða og líklegt er að kostnaður lendi á henni við að gera upp skuldbindinguna. Ef áhrifin eru veruleg eru skuldbindingarnar ákveðnar með því að afvaxta áætlað framtíðarsjóðstreymi.

p) Tekjur

Tekjur af sölu á afurðum eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og eignarhalds flyst til kaupanda. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vöru verði skilað.

q) Gjöld

Kostnaðarverð sölu samanstandur af kostnaði við fiskeldi, þar með töldum launakostnaði og afskriftum.

Sameiginlegur rekstrarkostnaður samanstandur af sölukostnaði, skrifstofu- og stjórnarkostnaði og ýmsum öðrum kostnaði, þar með töldum launakostnaði.

r) Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum af lánnum sem færð eru miðað við virka vexti, vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, gengishagnaði og gengistapi af erlendum gjaldmiðlum sem er fært í rekstrarreikning.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til og er miðað við virka vexti af eigninni. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

s) Tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur er færður með notkun efnahagsskuldbindingaraðferðarinnar vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Þá er ekki reiknaður tekjuskattur vegna tímabundins mismunar sem tengist fjárfestingu í dótturfélagi svo framarlega sem talið er að móðurfélagið geti stjórnað því hvenær tímabundni mismunurinn snúist við og að jafnframt sé talið líklegt að hann snúist ekki við í fyrirsjáanlegri framtíð.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Vegna óvissu um nýtingu tekjuskattseignar á móti framtíðarhagnaði er hún ekki færð í ársreikninginn.

Skýringar, frh.:

Árshelmingayfirlit

1. Rekstur félagsins greinist þannig á árshelminga:

	Fyrri árs- helmingur	Seinni árs- helmingur	Samtals
Árið 2005			
Sölutekjur	60.755.959	59.659.996	120.415.955
Kostnaðarverð sölu	(137.006.227)	(99.921.595)	(236.927.822)
Vergt tap	(76.250.268)	(40.261.599)	(116.511.867)
Aðrar tekjur	56.232	441.813	498.045
Útflutningskostnaður	(5.684.858)	(9.182.375)	(14.867.233)
Sameiginlegur kostnaður	(15.897.070)	(24.800.097)	(40.697.167)
Rekstrartap	(97.775.964)	(73.802.258)	(171.578.222)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(5.729.534)	1.515.178	(4.214.356)
Áhrif hlutdeildarfélags	(21.442.625)	(11.896.397)	(33.339.022)
Tap	(124.948.123)	(84.183.477)	(209.131.600)
EBITDA	(82.802.250)	(58.085.240)	(140.887.490)
Árið 2004			
Sölutekjur	73.039.223	108.759.563	181.798.786
Kostnaðarverð sölu	(94.462.741)	(119.467.737)	(213.930.478)
Vergt tap	(21.423.518)	(10.708.174)	(32.131.692)
Aðrar tekjur	1.769.809	1.224.980	2.994.789
Útflutningskostnaður	(10.363.229)	(11.615.273)	(21.978.502)
Sameiginlegur kostnaður	(17.904.890)	(13.975.828)	(31.880.718)
Rekstrartap	(47.921.828)	(35.074.295)	(82.996.123)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(6.958.223)	(3.012.600)	(9.970.823)
Áhrif hlutdeildarfélags	(32.893.974)	(33.929.349)	(66.823.323)
Tap	(87.774.025)	(72.016.244)	(159.790.269)
EBITDA	(32.813.674)	(20.155.014)	(52.968.688)

Aðrar tekjur

2. Aðrar tekjur 0,5 millj. kr. eru vegna sölu á lýsisblöndu til Scotian Halibut.

Laun og launatengd gjöld

3. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2005	2004
Laun	71.287.608	76.748.834
Launatengd gjöld	12.657.285	12.614.558
Laun og launatengd gjöld samtals	83.944.893	89.363.392
Starfsmannafjöldi að meðaltali	12	17
Stöðugildi í árslok umreiknuð í heilsársstörf	11	13

Skýringar, frh.:

3. frh.:

Laun og launatengd gjöld skiptast þannig á rekstrarliði:	2005	2004
Kostnaðarverð sölu	74.333.633	80.168.603
Sameiginlegur kostnaður	9.611.260	9.194.789
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>83.944.893</u>	<u>89.363.392</u>

4. Laun og hlunnindi til stjórnenda vegna starfa fyrir félög í samstæðunni og eignarhlutar þeirra í félaginu greinast þannig:

	Laun	Eignarhluti
Arnar Jónsson, framkvæmdastjóri	8.534.940	0
Kristján Ragnarsson, stjórnarformaður	0	0
Þorsteinn Vilhelmsson, stjórnarmaður	300.000	0
Gunnar Karl Guðmundsson, stjórnarmaður	300.000	0
Jón Kjartan Jónsson, stjórnarmaður	0	0
Óttar Már Ingvason, stjórnarmaður	0	0
Jón Hallur Pétursson, fyrrverandi stjórnarformaður	600.000	119
Finnbogi Jónsson, fyrrverandi stjórnarmaður	300.000	0
Úlfar Steindórsson, fyrrverandi stjórnarmaður	300.000	0
Samtals	<u>10.334.940</u>	<u>119</u>

Með eignarhlutum að ofan eru taldir eignarhlutar maka og ófjárráða barna ásamt eignarhlutum í eigu félaga sem stjórnendur ráða.

Kaupréttarsamningar framkvæmdastjóra félagsins sem miðast við gengið 1,00 til 1,08 voru gerðir á árinum 2003 og 2004 og eru innleysanlegir á árunum 2004 til 2009. Framkvæmdastjóri félagsins hefur ekki enn nýtt sér kauprétt samkvæmt þessum kaupréttarsamningum. Heildarfjöldi hluta sem framkvæmdastjóri hefur kauprétt að nema 1.155.555 og kaupverð þeirra nemur 1,2 millj. kr.

5. Þóknarir til endurskoðenda greinist þannig:	2005	2004
Endurskoðun ársreiknings	749.625	777.325
Könnun árshlutareikninga	656.225	264.425
Önnur þjónusta	1.303.885	832.275
Samtals	<u>2.709.735</u>	<u>1.874.025</u>

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2005	2004
Vaxtatekjur	413.044	812.305
Vaxtagjöld	(10.274.022)	(8.824.530)
Gengismunur og verðbætur	5.646.622	(1.958.598)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	<u>(4.214.356)</u>	<u>(9.970.823)</u>

Skýringar, frh.:

Tap á hlut

7. Tap á hlut er miðaður við tap, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og sýnir hvert tap er á hverja krónu hlutafjár.

	2005	2004
Tap ársins til hluthafa í móðurfélaginu	(209.131.600)	(159.790.269)
Hlutafé í ársbyrjun	844.967.537	845.357.537
Niðurfærsla hlutafjár	(675.854.847)	0
Útgefið nýtt hlutafé	131.600.000	0
Áhrif keyptrá og seldra eigin bréfa	(74.481)	(195.000)
Vegið meðaltal útistandandi hluta	300.638.209	845.162.537
Kaupréttir til starfsmanna	4.649.814	27.924.995
Vegið meðaltal útistandandi hluta og kaupréttá til starfsmanna	305.288.023	873.087.532
Tap á hverja krónu hlutafjár	(0,70)	(0,19)
Þynnt tap á hverja krónu hlutafjár	(0,69)	(0,18)

Rekstrarfjármunir

8. Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Vélar, tæki og áhöld	Bifreiðar og farartæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2004	167.285.297	287.772.168	13.002.454	468.059.919
Afskrifað samtals 1.1.2004	(46.160.537)	(119.437.201)	(10.038.975)	(175.636.713)
Bókfært verð 1.1.2004	121.124.760	168.334.967	2.963.479	292.423.206
Viðbót á árinu	0	8.128.266	0	8.128.266
Selt og fært út á árinu	0	0	0	0
Afskrifað á árinu	(4.516.703)	(24.607.948)	(902.784)	(30.027.435)
Bókfært verð 31.12.2004	116.608.057	151.855.285	2.060.695	270.524.037
Heildarverð 1.1.2005	167.285.297	295.900.434	13.002.454	476.188.185
Afskrifað samtals 1.1.2005	(50.677.240)	(144.045.149)	(10.941.759)	(205.664.148)
Bókfært verð 1.1.2005	116.608.057	151.855.285	2.060.695	270.524.037
Viðbót á árinu	0	14.442.336	0	14.442.336
Selt og fært út á árinu	0	(630.906)	0	(630.906)
Afskrifað á árinu	(4.516.706)	(25.613.438)	(560.594)	(30.690.738)
Bókfært verð 31.12.2005	112.091.351	140.053.277	1.500.101	253.644.729
Afskriftir skiptast þannig eftir rekstrarliðum:			2005	2004
Kostnaðarverð sölu			30.690.738	30.027.435
Sameiginlegur kostnaður			0	0
Afskriftir samtals			30.690.738	30.027.435

Skýringar, frh.:

Vátryggingarverð

9. Brunabótamat fasteigna í árslok 2005 var 289,5 millj. kr. Fasteignamat mannvirkja var á sama tíma 82,1 millj. kr. og fasteignamat leigulóða 5,2 millj. kr. Lausafé er brunatryggt fyrir 245,4 millj. kr. í árslok 2005. Félagið hefur tryggt eldis- og klakfisk félagsins, þar á meðal vegna sjúkdóma.

Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

10. Á eignir félagsins er þinglýst tryggingarbréfum vegna langtímaskulda þess að fjárhæð 100,5 millj. kr. í árslok 2005. Auk þess hvílir allsherjarveð á birgðum félagsins að fjárhæð 168,3 millj. kr.

Hlutdeildarfélög

11. Félagið átti í lok árs 25% eignarhlut í Scotian Halibut Ltd. í Kanada. Hlutdeild félagsins í tapi Scotian Halibut Ltd. nam 16,2 millj. kr. en niðurfærsla eignarhluta í félaginu nemur 24,6 millj. kr. í árslok. Í árslok nam bókfært verð eignarhlutans 5,0 millj. kr. að teknu tilliti til niðurfærslu hans. Þá á félagið 25% eignarhlut í IceCod á Íslandi ehf. og nam kaupverð eignarhlutans 0,1 millj. kr., en ekki er reiknuð hlutdeild í afkomu félagsins á árinu.

Langtímakröfur

12. Félagið hefur lánað hlutdeildarfélaginu Scotian Halibut Ltd. í Kanada CAD 1.988.829 eða 107,7 millj. kr. Félagið hefur skuldbundið sig til að innheimta ekki kröfuna á meðan það er í ábyrgðum vegna lána Scotian Halibut Ltd., samanber skýringu 17. Vegna erfiðrar stöðu félagsins Scotian Halibut Ltd. er krafan færð niður um 17,1 millj. kr. í ársreikningi og er niðurfærslan færð undir liðinn áhrif hlutdeildarféлага í rekstrarreikningi. Niðurfærsla kröfunnar nemur nú samtals 102,7 millj. kr.
13. Dótturfélagið Fiskey ehf. hefur gert samstarfsamning við félagið North Salmon um eldi á matfiski í kvíum við Færeyjar. Samningurinn tryggir að dótturfélagið fái greitt að lágmarki NOK 1.200.000 við slátrun. Lágmarksgreiðslan er eignfærð á gengi uppgjörsdags að teknu tilliti til afvöxtunar framtíðarsjóðstreymis með markaðsvöxtum. Eignfærð langtímakrafa í vegna samstarfssamningsins nemur 10,0 millj. kr. í árslok.

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

14. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	2005	2004
Nafnverð viðskiptakrafna	48.694.288	38.838.431
Niðurfærsla viðskiptakrafna sem kunna að tapast	(14.293.655)	0
Fyrirframgreiðslur	109.019	0
Aðrar skammtímakröfur	4.612.091	3.964.864
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	<u>39.121.743</u>	<u>42.803.295</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

Skýringar, frh.:

Eigið fé

15. Á árinu var hlutafé fært niður um 675,9 millj. kr. og í framhaldinu var hlutafé aukið um 131,6 millj. kr. Heildarhlutafé félagsins nam því í árslok 301,2 millj. kr., þar af námu eigin bréf 0,6 millj. kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hluta í félaginu.

16. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Þýðingar- munur	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2004	845.357.537	0	0	(405.044.926)	440.312.611
Áhrif nýrra staðla				5.489.093	5.489.093
Eigið fé 1.1.2004, leiðrétt	845.357.537	0	0	(399.555.833)	445.801.704
Keypt eigin bréf	(390.000)	136.000			(254.000)
Tap ársins				(159.790.269)	(159.790.269)
Gengismunur hlutdeildarféлага			(4.808.806)		(4.808.806)
Yfirverðsreikningur millifærður		(136.000)		136.000	0
Eigið fé 31.12.2004	844.967.537	0	(4.808.806)	(559.210.102)	280.948.629
Eigið fé 31.12.2004	844.967.537	0	0	(574.684.275)	270.283.262
Áhrif nýrra staðla			(4.808.806)	15.474.173	10.665.367
Eigið fé 31.12.2004, leiðrétt	844.967.537	0	(4.808.806)	(559.210.102)	280.948.629
Keypt eigin bréf	(148.962)	96.137			(52.825)
Niðurfærsla hlutafjár	(675.854.847)			675.854.847	0
Útgefið nýtt hlutafé	131.600.000				131.600.000
Tap ársins				(209.131.600)	(209.131.600)
Gengismunur hlutdeildarféлага			1.567.499		1.567.499
Yfirverðsreikningur millifærður		(96.137)		96.137	0
Eigið fé samtals 31.12.2005	300.563.728	0	(3.241.307)	(92.390.718)	204.931.703

Þýðingarmunur

17. Á þýðingarmun er færður allur gengismunur sem verður til við umreikning reikningsskila erlends hlutdeildarfélags í íslenskar krónur.

Ábyrgðarskuldbindingar

18. Í árslok 1999 gerði Scotian Halibut Ltd. samning við þriðja aðila um lántöku að fjárhæð CAD 2.000.000. Lánið er tvískipt, annars vegar með lokagjaldsdaga 1. janúar 2012 og hins vegar 2. ágúst 2014. Hluthafar í Scotian Halibut Ltd. samþykktu lántökuna og ábyrgðust óskipt greiðslu afborgana og vaxta af láninu til 1. júlí 2004 annars vegar og 1. október 2004 hins vegar eða að fjárhæð CAD 250.000. Einnig ábyrgjast hluthafarnir óskipt í þrjú ár eftir síðustu útborgun lánsins, þ.e. til 1. júlí árið 2004 og 1. júlí 2005, að útvega Scotian Halibut Ltd. fjármagn ef fjárfestingar í fastafjármunum félagsins verða umfram áætlanir. Forráðamenn Fiskeldis Eyjafjarðar hf. gera ráð fyrir að ólíklegt sé að reynt geti á ábyrgð þessa þar sem fjárfestingu í fastafjármunum er lokið samkvæmt áætlunum Scotian Halibut Ltd. Auk þess hefur félagið samþykkt að skuldbindingar Scotian Halibut Ltd. við hluthafa þess vegna lána, arðs og annara greiðslna víki fyrir láni að fjárhæð CAD 750.000 sem Scotian Halibut Ltd. hefur tekið.

Skýringar, frh.:

Vaxtaberandi lán

19. Vaxtaberandi langtímalán í árslok greinast þannig eftir gjaldmiðlum:	2005	2004
Skuldir í CAD	47.611.368	41.918.306
Skuldir í EUR	35.680.913	37.869.167
Skuldir í USD	31.919.733	29.184.927
Skuldir í JPY	6.276.755	6.777.971
Skuldir í NOK	7.896.894	8.107.999
Skuldir í GBP	27.942.331	27.792.810
	<u>157.327.994</u>	<u>151.651.180</u>
Næsta árs afborganir	0	(26.294.296)
Vaxtaberandi langtímalán samkvæmt efnahagsreikningi samtals	<u>157.327.994</u>	<u>125.356.884</u>

20. Afborganir af vaxtaberandi langtímalánum greinast þannig á næstu ár:

Gjaldfallnar afborganir		6.828.350
Afborganir 2005		19.465.946
Afborganir 2006	0	21.402.363
Afborganir 2007	9.833.000	21.402.363
Afborganir 2008	19.665.999	21.402.363
Afborganir 2009	19.665.999	21.402.363
Afborganir 2010	108.162.996	14.574.016
Afborganir síðar	0	25.173.416
	<u>157.327.994</u>	<u>151.651.180</u>

21. Vaxtaberandi lán meðal skammtímaskulda greinast þannig:

Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímaskulda	0	26.294.296
Yfirdráttarlán	1.802.278	6.081.493
Vaxtaberandi skammtímalán samkvæmt efnahagsreikningi samtals	<u>1.802.278</u>	<u>32.375.789</u>

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

22. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

Viðskiptaskuldir	25.955.459	26.404.837
Aðrar skammtímaskuldir	9.916.742	15.424.060
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	<u>35.872.201</u>	<u>41.828.897</u>

Skýringar, frh.:

Tengdir aðilar

Viðskipti við stjórnendur og lykilstarfsmenn

23. Á árinu keypti félagið þjónustu að fjárhæð 1,8 millj. kr. af félagi sem fyrirverandi stjórnarformaður félagsins er meðeigandi í.

Viðskipti við aðra tengda aðila

24. Á árinu keypti hlutdeildarfélagið vörur af samstæðunni fyrir 0,5 millj. kr. Viðskipti við hlutdeildarfélagið eru verðlögð á markaðsverði.

Dótturfélög

25. Í árslok átti félagið eitt dótturfélag, Fiskey ehf., en það á 100% eignarhlut í félaginu.

Skattamál

26. Ójafnað skattalegt tap í árslok 2005 sem heimilt er að flytja áfram samkvæmt skattalögum nemur 424,8 millj. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður. Reiknuð skattinneign vegna þessa nemur 76,5 millj. kr. en vegna óvissu um nýtingu hennar er hún ekki færð í ársreikninginn. Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt sem hér segir:

Tap ársins 2003, nýtanlegt til ársins 2013	95.421.768
Tap ársins 2004, nýtanlegt til ársins 2014	123.862.884
Tap ársins 2005, nýtanlegt til ársins 2015	205.517.612
	<u>424.802.264</u>

Skýringar, frh.:

Alþjóðleg reikningsskil

27. Eins og fram kom í skýringu a um helstu reikningsskilaaðferðir er þetta í fyrsta sinn sem samstæðan gerir ársreikning sinn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

Reikningsskil vegna rekstrarársins 2005 eru gerð samkvæmt þeim reikningsskilaaðferðum sem nánar er greint frá í skýringu a um helstu reikningsskilaaðferðir. Það á einnig við um samanburðarfjárhæðir vegna ársins 2004 og opnunarefnahagsreikning 1. janúar 2004, en breytingar taka gildi miðað við þann dag, sem nefndur er yfirlitdagur.

Fjárhæðum í opnunarefnahagsreikningi 1. janúar 2004 hefur verið breytt til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla, en þær voru áður settar fram samkvæmt lögum um ársreikninga og íslenskum reikningsskilaaðferðum. Í eftirfarandi töflum og skýringum má sjá hvaða áhrif breytingin frá íslenskum reikningsskilaaðferðum til alþjóðlegra reikningsskilastaðla hefur haft á fjárhagsstöðu samstæðunnar og fjárhagslega afkomu hennar. Engar verulegar breytingar eru á sjóðstreymisýfirliti samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum frá því sem áður var samkvæmt íslenskum reikningsskilaaðferðum.

Eigið fé 1. janúar 2005:

Eigið fé samkvæmt fyrri reikningsskilareglum 31. desember 2004	270.283.262
Eigið fé samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilareglum 31. desember 2004	280.948.629
Breyting frá fyrri reikningsskilareglum	10.665.367

	1.1.2004	31.12.2004	Samtals
Breytingar á mati:			
Matsbreyting varanlegra rekstrarfjármuna IAS 16	49.489.093	(823.726)	48.665.367
Matsbreyting óefnislegra eigna IAS 36	(44.000.000)	6.000.000	(38.000.000)
Breytingar vegna alþjóðlegra reikningsskilastaðla samtals	5.489.093	5.176.274	10.665.367

Samkvæmt IAS 38, Óefnislegar eignir, var línulegum afskriftum á einkaleyfi hætt við innleiðingu staðlanna þar sem um ótímabundin réttindi er að ræða sem rýrna hvorki með tíma né við notkun. Samkvæmt stöðlunum þarf að minnsta kosti árlega að gera virðisráðgjafir á viðskiptavild. Reynist endurheimtanlegt virði hennar lægra en bókfært verð er mismunurinn gjaldfærður. Gjaldfærðar afskriftir einkaleyfis á árinu 2004 að fjárhæð 2,0 millj. kr. eru bakfærðar, en einkaleyfi í ársbyrjun 2004 er lækkað um 10,0 millj. kr. í samræmi við niðurstöðu virðisráðgjafarprófs. Afnotaréttur sem áður var flokkaður sem óefnislegar eignir er nú flokkaður meðal varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifaður í samræmi við þann búnað sem hann fylgir. Við þessa breytingu lækkaði mat óefnislegra eigna um 36,0 millj. kr. Á árinu 2004 hækkaði mat óefnislegra eigna um 6,0 millj. kr. annars vegar vegna þess að afskriftir af einkaleyfi að fjárhæð 2,0 millj. kr. voru bakfærðar og hins vegar vegna breyttrar flokkunar á afnotarétti að fjárhæð 4,0 millj. kr.

Við innleiðingu staðlanna var afskriftaraðferðum samstæðunnar breytt til samræmis við IAS 16 sem fjallar um varanlega rekstrarfjármuni. Samkvæmt IAS 16 á að afskrifa eignir á áætluðum líftíma niður í hrakvirði. Þannig verður afskriftastofninn mismunur á kaupverði og áætluðu hrakvirði en var áður kostnaðarverð eignanna. Við þessa breytingu hækkaði mat varanlegra rekstrarfjármuna þann 1. janúar 2004 um 13,4 millj.kr. Einnig hækkuðu varanlegir rekstrarfjármunir vegna breytingar á óefnislegum eignum að fjárhæð 36,0 millj. kr. Á árinu 2004 lækkuðu afskriftir samstæðunnar um 3,2 millj. kr. vegna matsbreytingar á varanlegum rekstrarfjármunum, en hækkuðu um 4,0 millj. kr. vegna breyttrar flokkunar óefnislegra eigna. Samtals hækka því afskriftir um 0,8 millj. kr. Samtals hækka varanlegir rekstrarfjármunir á árinu 2004 því um 48,7 millj. kr.

Aðrar breytingar eru að fóðurbirgðir eru nú sérstaklega tilgreindar en ekki meðal birgða af eldisfiski og seiðum sem nú eru flokkaðar sem lífrænar birgðir.

Skýringar, frh.:

27. frh.:

Efnahagsreikningur:

Efnahagsreikningur Fiskeldis Eyjafjarðar hf. er nú sýndur á einni síðu og mun samþjappaðri en áður. Það er mat stjórnenda félagsins að reikningurinn verði læsilegri og skýrari með þessari framsetningu.

Skuldir við lánastofnanir og aðrar langtímaskuldir eru sameinaðar undir liðnum vaxtaberandi skuldir meðal langtímaskulda. Skammtímaskuldir við lánastofnanir og næsta árs afborgun langtímaskulda eru færðar undir liðinn vaxtaberandi skuldir meðal skammtímaskulda.

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru sameinaðar undir liðnum viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Efnahagsreikningur 1. janúar 2005

Eignir	Íslenskar	Breytingar	Alþjóðlegar
	reiknings- skilareglur 31.12.2004	31.12.2004	reiknings- skilareglur 31.12.2004
Varanlegir rekstrarfjármunir	221.858.670	48.665.367	270.524.037
Óefnislegar eignir	38.000.000	(38.000.000)	0
Eignarhlutar í hlutdeildarfélagum	19.822.254	0	19.822.254
Aðrar fjárfestingar	20.634.731	0	20.634.731
Lífrænar eignir	47.350.305	0	47.350.305
Fastafjármunir	347.665.960	10.665.367	358.331.327
Birgðir	0	5.000.000	5.000.000
Lífrænar eignir	76.504.398	(5.000.000)	71.504.398
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	42.803.295	0	42.803.295
Handbært fé	2.871.179	0	2.871.179
Veltufjármunir	122.178.872	0	122.178.872
Eignir samtals	469.844.832	10.665.367	480.510.199
Eigið fé			
Hlutfé	844.967.537	0	844.967.537
Þýðingarmunur vegna erlendra starfsemi	0	(4.808.806)	(4.808.806)
Ójafnað eigið fé	(574.684.275)	15.474.173	(559.210.102)
Eigið fé	270.283.262	10.665.367	280.948.629
Skuldir			
Vaxtaberandi lán	125.356.884	0	125.356.884
Langtímaskuldir	125.356.884	0	125.356.884
Vaxtaberandi lán	32.375.789	0	32.375.789
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	41.828.897	0	41.828.897
Skammtímaskuldir	74.204.686	0	74.204.686
Eigið fé og skuldir samtals	469.844.832	10.665.367	480.510.199

Skýringar, frh.:

27. frh.:

Rekstrarreikningur 1. janúar til 31. desember 2004	Íslenskar reiknings- skilareglur	Mats- breytingar	Breytingar á framsetningu	Alþjóðlegar reiknings- skilareglur
Sölutekjur	181.798.786	0	0	181.798.786
Kostnaðarverð sölu	(183.903.043)	0	(30.027.435)	(213.930.478)
Vergt tap	(2.104.257)	0	(30.027.435)	(32.131.692)
Aðrar tekjur	2.994.789	0	0	2.994.789
Útflutningskostnaður	(21.978.502)	0	0	(21.978.502)
Sameiginlegur kostnaður	(31.880.718)	0	0	(31.880.718)
Afskriftir	(35.203.709)	5.176.274	30.027.435	0
Rekstrartap	(88.172.397)	5.176.274	0	(82.996.123)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(9.970.823)	0	0	(9.970.823)
Áhrif hlutdeildarféлага	(66.823.323)	0	0	(66.823.323)
Tap ársins	(164.966.543)	5.176.274	0	(159.790.269)

Afskriftir eru ekki lengur sýndar sem sérstakur liður. Þess í stað eru þær færðar sem hluti af öðrum kostnaðarliðum eftir því sem við á. Kostnaðarverð sölu innifelur afskriftir rekstrarfjármuna.

Afskriftir lækka um 3,2 millj. kr. á árinu vegna breytts mats á afskriftarstofni varanlegra rekstrarfjármuna og um 2,0 millj. kr. vegna þess að afskriftum á óefnislegum eignum er hætt. Samtals lækka því afskriftir um 5,2 millj. kr. á árinu.

Önnur mál

28. Stjórn Fiskeldis Eyjafjarðar hf. hefur sett sér starfsreglur í þeim tilgangi að viðhalda góðum stjórnunarháttum í rekstri félagsins. Í starfsreglum stjórnar er meðal annars að finna ákvæði um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn og fleira. Í ljósi tilmæla um stjórnunarhætti fyrirtækja sem gefin hafa verið út og kynnt af Verslunarráði Íslands, Kauphöll Íslands hf. og Samtökum atvinnulífsins ráðgerir stjórn félagsins að taka starfsreglur stjórnar til endurskoðunar með það að markmiði að laga þær að framangreindum tilmælum.

Kennitölur

29. Helstu kennitölur samstæðunnar:

	2005	2004
Veltufjárhlutfall	3,35	1,65
Lausafjárhlutfall	1,55	0,62
Arðsemi eigin fjár	(62,1%)	(36,0%)
Tap á hverja krónu hlutafjár	(0,70)	(0,19)
Þynnt tap á hverja krónu hlutafjár	(0,69)	(0,18)
Eiginfjárhlutfall	0,51	0,58
Innra virði hlutafjár	0,68	0,33
EBITDA	(140.887.490)	(52.968.688)
Veltufé til rekstrar	(150.089.838)	(68.965.484)